


STÖÐ 2 SÝNIR FJÖLDA STÓRMYNDA Í SEPTEMBER



MIÐVIKUDAGUR 28. ÁGÚST 2013
14. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2

SINDRI BANKAR UPP Á



GLÆNÝ ÞÁTTARÖÐ AF HEIMSÓKN AÐ
HEFJAST



MÖGNUM SPENNA

Hostages hefur verið beðið með eftirvæntingu.



BESTI NÝI ÞÁTTURINN

Glæpaþáttaröðin Broadchurch verðlaunuð.



HÁRIN RÍSA

Bag of Bones, framhaldsmynd úr smíðju Stephens King.

krakkar

GULL

BÍÓ

POP
TVM

SPORT

SPORT 2

FRÁBÆR TILBOÐ
Í STÖÐ 2 VILD

ÓMISSANDI Í VIKUNNI



MISTRESSES
Miðvikudag
Kl. 21.35



MASTERCHEF USA
Fimmtudag
Kl. 20.05



BARA GRÍN
Föstudag
Kl. 20.15



VEISTU HVER ÉG VAR?
Laugardag
Kl. 19.50



BROADCHURCH
Sunnudag
Kl. 21.20



THE UNTOLD HISTORY OF THE UNITED STATES
Mánudag
Kl. 23.15



HOW I MET YOUR MOTHER
Þriðjudag
Kl. 21.00



LÆKNIR Í SIÐFERÐISKLEMMU

Hostages eru glænýir og magnaðir spennubættir sem beðið er með mikilli eftirvæntingu í Bandaríkjunum. Þættirnir verða sýndir á Stöð 2 rétt á eftir frumsýningu ytra. Verðlaunaleikararnir Toni Colette og Dylan McDermott fara með aðalhlutverkin.

HOSTAGES
Fyrsti þáttur sýndur 30. september

Þættirnir fjalla um skurðlækninn dr. Ellen Sanders sem fær það verkefni að gera aðgerð á forseta Bandaríkjanna. Stuttu fyrir aðgerðina ráðast hryðjuverkamenn inn á heimili hennar og taka hana og fjölskyldu hennar í gíslingu. Þeir krefjast þess að hún láti forsetann deyja á skurðarborðinu, annars sé úti um fjölskyldu hennar. Ellen Sanders stendur því frammi fyrir mörgum siðferðis-spurningum. Á hún að velja fjölskyldu sína fram yfir líf forsetans og þjóðaröryggið? Þættirnir eru geysispennandi og línan milli hins rétt og ranga verður óskýr.

Stjórnuframleiðandinn Jerry Bruckheimer framleiðir þættina, sem eru byggðir á ísrælskum þáttum sem aldrei fóru í sýningu. Hostages verða frumsýndir ytra þann 23. september og koma til sýningar hér á landi aðeins viku síðar.

Gæðaleikararnir Toni Colette og Dylan McDermott fara með aðalhlutverkin í Hostages.

Colette, sem leikur dr. Sanders, hefur hlotið bæði Emmy- og Golden Globe-verðlaun á ferlinum. Þessi ástralska leikkona vakti fyrst athygli sem hin vonlausu Muriel Heslop í kvikmyndinni Muriel's Wedding. Hún hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína í The Sixth Sense. Hún hefur einnig hlotið verðlaun fyrir frammi-

stöðu sína í þáttunum United States of Tara, þar sem hún leikur konu með margskiptan persónuleika.

Dylan McDermott leikur foringja hryðjuverkamannanna, Duncan Carlisle, sem er einnig fyrrverandi fulltrúi FBI. McDermott á langan og farsælan feril að baki bæði í sjónvarpi og á hvíta tjaldinu. Hann er hvað best þekktur úr sjónvarpsþáttunum The Practice og American Horror Story. Hann hefur hlotið tilnefningar til bæði Emmy- og Golden Globe-verðlauna. Meðal kvikmynda sem hann hefur leikið í má nefna Olympus Has Fallen, The Perks of Being a Wallflower, In the Line of Fire, Steel Magnolias og Wonderland.

Fyrsti þáttur Hostages verður sýndur á Stöð 2 mánudaginn 30. september.

MIKIÐ HLEGIÐ

BARA GRÍN
Kl. 20.15 föstudaga

„Stelpurnar áttu sameiginlegt að vera sjúklega flottar, myndnar og hæfileikaríkar konur,“ segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, leikkona og ein af Stelpunum, sem verða í aðalhlutverki í næsta þætti Bara gríns.

„Það var ákaflega gaman að vinna að Stelpunum og ég gæti haft það að aðalstarfi að eilífu. Félagsskapurinn var frábær, vinnan skapandi og gleði við völd við að búa til þættina,“ segir Guðlaug og bætir við að Stelpurnar hafi valdið straumhvörfum.

„Við vorum svo ánægðar með að koma stelpugríni loks á framfæri. Maður fann aðeins til sín því okkur fannst við

Í kjölfar Stelpnanna spruttu fram fullt af myndnum stelpum því Stelpurnar gáfu þeim leyfi til að vera myndnar.

Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, leikkona og ein af Stelpunum.

vera að gera eitthvað þínu merkilegt. Í kjölfar Stelpnanna spruttu fram fullt af myndnum stelpum því Stelpurnar gáfu þeim leyfi til að vera myndnar.“

Guðlaug segir mikinn hlátur og fíflang hafa einkennt samstarf Stelpnanna. „Stundum flissuðum við út í eitt og gekk ekkert að vinna, en við vorum ekkert berskjaldaðri í öllum þessum grín-gervum því slíkt fylgir bara því að vera leikari. Þetta var leikur og gaman og í því þarf að sýna öll sín andlit.“

Guðlaug sneri baki við leiklistarferlinum 2008 en segir alltaf hægt að snúa á leiksviðið aftur.

„Stundum sakna ég þess að leika og kemur yfir mig sterk löngun að fara aftur af stað.

Því gæti það allt eins gert og aldrei að vita.“



ALDREI AÐ DEITA LEIKKONUR


Chris O'Donnell byrjaði ferilinn sem barnafyrirsæta. Hann er gáfað kvennagull og fimm barna faðir.

Bandaríski hjartaknúsarinn Chris O'Donnell fæddist sumarið 1970 í borginni Winnetka í Illinois. Chris er örverpið í stórum systkinahópi sem telur fjórar systur og þrjá bræður. Það var einmitt ein systra Chris sem skráði bróður sinn barnungan á módelkskrifstofu og strax á fermingaraldrinum var Chris orðinn eftirsótt fyrirsæta og farinn að leika í auglýsingum. Hann vakti víðtæka athygli í draumaverksmiðjunni Hollywood þegar hann afgreiddi körfuboltastjórnuna Michael Jordan í sjónvarpsauglýsingu fyrir hamborgararisann McDonald's og eftir það var ekki aftur snúið.

Á sautjándu árinu var Chris orðinn leiður á fyrirsætu-bransanum og hugðist hætta að gefa kost á sér í verkefni. Þá var hann boðaður í áheyrnarprufu fyrir kvikmyndina Men Don't Leave með Jessicu Lange í aðalhlutverki. Chris var algjörlega afhuga því að mæta í prufuna en móðir hans gaf honum loforð um nýjan bíl ef hann léti slag standa. Eins og vera ber stóð Chris uppi með pálmann í höndunum og fékk bæði hlutverkið og bílinn.

Allar götur síðan hefur þessi vörpulegi kvennaljómi glatt áhorfendur í bíómyndum og sjónvarpi. Meðal frægustu mynda hans eru Fried Green Tomatoes, Vertical Limit, Batman Forever og Scent of a Woman, þar sem mótleikarinn Al Pacino ráðlagði Chris að gera sér aldrei dælt við leikkonur.

Chris leikur nú annað aðalhlutverka í sjónvarpsseríunni NCIS: Los Angeles en þegar frítími gefst leikur kappinn golf og hugsar um eiginkonuna, sem er grunnskólakennari, og börn þeirra fimm.



VEISTU HVER ÉG VAR? Kl. 19.40 laugardag

Rögvaldur Rögvaldsson, eða DJ FOX, heldur utan um spurningarnar og tónlistina í þættinum Veistu hver ég var? með Sígga Hlö sem sýndir eru á Stöð 2 á laugardagskvöldum. Hann segir það mikið en skemmtilegt verk.

„Það kemur sér vel hvað ég hef mikinn áhuga á tónlist og þá sérstaklega frá eittístmabilinu. Við Sigggi skemmtum okkur konunglega við að fara í gegnum plötustafinn.“ Þeir félagar tóku strax þá stefnu að hafa spurningarnar á léttu nótonum og keppast tvö lið í hverjum þætti um að svara þeim rétt.

Foxinn hefur starfað sem plötusnúður í á þriðja áratug og sérhæft sig í eitis líkt og Sigggi. „Leiðir okkar lágu svo saman fyrir tíu árum þegar við tókum upp á því að gerast svilar. Upp frá því fórum við að spila saman undir merkjum Boogie Nights en erum auk þess með „einkagigg“ flestar helgar. FOX-nafnið hefur lodað við Rögvald frá upphafi ferilsins en hvaðan kemur það? „Ég var á fótbolta-

styrk í Alabama þar sem ég var við nám á mínum yngri árum. Ég þótti ágætlega lunkinn í boltanum og þjálfarinn minn fór að kalla mig fox eða bragðaref. Það festist við mig og ég hef notað það síðan. Ég var sömuleiðis duglegur að nota viðurnefnið KK, eða knattspyrnumaður og kyntákn, en nota það ekki lengur, þar sem að ég er hættur í boltanum.“

Rögvaldur segir skemmtilega tilviljun að hann og Sigggi skyldu tengjast fjölskylduböndum. Ekki nóg með það að við séum á kafi í sömu tónlist heldur eigum við líka samleið í golfinu.“ Það má því með sannni segja að þarna hafi tveir stuðboltar mæst. „Það er heldur ekki leiðinlegt að fá heilan þátt undir flippið í okkur.“

En hvað er svona heillandi við tónlist níunda áratugarins? „Í fyrsta lagi tengist þetta æsku okkar og unglingsárum. Þarna vorum við að byrja að skemmta okkur og kynnast undrum lífsins. Það hefur líka margoft sannað sig að þetta er sú tónlist sem virkar alls staðar best.



BESTI NÝI ÞÁTTURINN

Breska glæpabáttaröðin Broadchurch var valin besti nýi sjónvarpsþátturinn á sjónvarpshátíðinni Guardian Edinburgh International Television Festival (GEITF) sem er nýafstaðin. Á sömu hátíð var höfundur Broadchurch verðlaunaður sem hæfileikaríkasti maðurinn í bransanum og sjónvarpsstöðin ITV, sem framleiðir Broadchurch, var útnefnd sjónvarpsstöð ársins.

ITV hefur verið vakið mikla athygli fyrir vinsældir Broadchurch og heimildarmyndina The Other Side of Jimmy Savile, sem afhjúpaði barnanið sjónvarpsgoðsagnarinnar Jimmy Savile. Myndin olli miklu fjaðrafoki á BBC, með tilheyrandi lögreglu-rannsókn og ásökunum um barnanið af hálfu fleiri fyrirmenna og frægðarfólks.



HRIKALEGA SPENNANDI

1. og 2. september

Stöð 2 sýnir hrikalega spennandi framhaldsmynd úr smiðju bandaríska metsöluhöfundarins Stephen King næsta sunnudag og mánudag. Stórleikarinn Pierce Brosnan er þar í hlutverki metsöluhöfundar sem kemur sér fyrir í sumarhúsi eftir að hafa misst eiginkonu sína í umferðarslysi. Þar blandast hann óvænt inn í forræðisdeilu sem nágrannakona hans á í við föður látins eiginmanns síns. Ekki er þó allt sem sýnist í þessari mögnuðu framhaldsmynd, enda kann Stephen King betur en flestir að gera sögur sem fá hárin til að rísa.

Skáldsagan kom út árið 1998 og fékk góðar viðtökur meðal aðdáenda rithöfundarins og góða dóma gagnrýnenda. Bókin fékk meðal annars Bram Stoker verðlaunin árið 1998.

Framhaldsmyndin er frá árinu 2011 og skartar sem fyrr segir Pierce Brosnan í aðalhlutverki en hann er frægastur fyrir túlkun sína á njósnaranum James Bond. Með önnur helstu hlutverk fara Melissa George, Caitlin Carmichael og William Schallert.

Bag of Bones verður sýnd á Stöð 2 dagana 1.-2. september. Þátturinn á sunnudaginn hefst kl. 22.10 og kl. 21.50 á mánudaginn.

HITAÐ UPP FYRIR NÝJA ÁSTRÍÐI

Í tilefni af því að glæný þáttaröð af Ástríði hefur göngu sína á Stöð 2 sunnudagskvöldið 15. september verður fyrri sería þáttanna endursýnd alla virka daga klukkan 19.12 á eftir fréttum, veðri og Íslandi í dag. Fyrsti þátturinn verður sýndur í kvöld.

Fyrsta þáttaröðin af Ástríði var sýnd haustið 2009 og var rómantísk gamanþáttaröð með Ilmi Kristjánsdóttur í aðalhlutverki. Ilmur leikur unga konu sem ræður sig til vinnu hjá fjármálafyrirtæki rétt fyrir hrun þar sem allt er að gerast en um leið ekki neitt. En þótt Ástríði reynist erfitt að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins gengur henni enn verr í mun harðari heimi ástarlífsins. Þar veit hún sjaldnast í hvorn fótinn hún á að stíga og veðjar ósjaldan á rangan hest, jafnvel þótt sá rétti sé beint fyrir framan nefið á henni.

Auk Ilmar fara Kjartan Guðjónsson, Friðrik Friðriksson, Rúnar Freyr Gíslason, Þórir Sæmundsson, Þóra Karítas Árnadóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir og Hilmir Snær Guðnason með stór hlutverk í fyrstu þáttaröðinni en gaman verður að rifja upp kynnin af þessum kynlegu kvistum.



HEIMSÓKN
Kl. 20.15 miðvikudaga



HEIMSÓKN

Sindri Sindrason býður áskrifendum Stöðvar 2 að kíkja með sér inn á ólík og áhugaverð heimili í þætti sínum Heimsókn. Glæný þáttaröð hefur göngu sína í næstu viku.

SKEMMTILEG SJÓNVARPSKVÖLD Í SEPTEMBER

Septembarmánuður verður sérlega spennandi á Stöð 2 þegar kemur að frumsýndum kvikmyndum. Nú er haustið að leggjast yfir, skólar komnir á fullt og sífellt kærkomnara að eiga notalega fjölskyldustund yfir góðri kvikmynd um helgar.

Stöð 2 frumsýnir því sérlega vandaðar kvikmyndir í september, fjölbreyttar stórmyndir þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Má þar nefna framtíðar- og ævintýramyndina **Hunger Games**, Batman-myndina

The Dark Knight Rises, rómantísku gamanmyndina Friends With Kids, The Magic of Belle Isle með Morgan Freeman, gamanmyndina Darling Companion, ævintýramyndina Snow White and the Huntsmen, spennumyndina Killer Elite og dramamyndina Machine Gun Preacher með Gerard Butler.

Það eru því notaleg sjónvarpskvöld fram undan á Stöð 2.





Í LOFTIÐ 4. SEPTEMBER

„Við erum á fullu að undirbúa nýja þáttaröð og munum heimsækja jafn ólík heimili og þau verða mörg,“ segir sjónvarpsmaðurinn Sindri Sindrason en hann hefur bankað upp á hjá landsmönnum og boðið áhorfendum Stöðvar 2 að kíkja með sér inn í þáttunum Heimsókn.

Fyrsta þáttaserían, samtals 40 þættir, var á dagskrá síðasta vetur og hefur nýja serían göngu sína í næstu viku, miðvikudaginn 4. september.

„Við fengum frábærar viðtökur við síðustu þáttaröð en við leggjum okkur fram um að leita uppi óvenjuleg og spennandi heimili, eitthvað sem er aðeins öðruvísi en hið hefðbundna,“ segir Sindri. „Þetta snýst samt ekki aðeins um heimilin heldur líka um heimilisfólkið, viðmælandinn skiptir mig jafnmiklu máli og heimilið. Ég hef stundum sagt að Heimsókn sé blanda af Sjálfstæðu fólki og Innliti útliði,“ segir Sindri og lofar

áhorfendum góðri skemmtun í vetur.

„Við munum til dæmis sækja heim fólk í útlöndum í þessari þáttaröð og einnig fylgjast með breytingum á íbúð sem tekin verður í gegn, svona fyrir og eftir. Þá munu hönnuðir og arkitektar gefa áhorfendum ódýr og góð ráð. Viðmælendurnir eiga það allir sameiginlegt að vera bæði áhugaverðir og skemmtilegir en við heimsækjum meðal annars biskup Íslands og kíkjum inn til Rögnu Árna-

dóttur, fyrrverandi dómsmálaráðherra. Þá förum við til skátahöfðingja landsins.“

Fyrsti viðmælandi Sindra verður Kristín Björnsdóttir en hún býr í fallegu og óvenjulegu húsi í Garðabænum.

„Húsið hennar Kristínar er allt á einni hæð og er eiginlega best lýst sem glæsilegri hótelsvítu,“ segir Sindri, sem segir að sjón sé sögu ríkari.

Alls verða heimsóknirnar sextán og verða þættirnir á dagskrá fram til jóla.



KEEGAN VILDI ALLT FYRIR MIG GERA

Íþróttafréttamaðurinn **Arnar Björnsson** situr fyrir svörum *Hver er frægasti einstaklingur sem þú hefur rætt við í starfi þínu?*

Sir Alex Ferguson, fyrrverandi þjálfari Manchester United, var virkilega flottur en Kevin Keegan var sá skemmtilegasti. Ég talaði lengi við Keegan, sem þá var knattspyrnustjóri Newcastle, fyrir leik Newcastle og Manchester United fyrir mörgum árum og hann vildi allt fyrir mig gera.

Hvaða nafn íþróttamanns eða liðs er erfiðast að bera fram? Nöfnin á taflenska fótboltalandsliðsmanninum Napat Thamrongsupakorn og Litháanum Vytautas Andriuskevicius, sem nú spilar með Djurgarden í Svíþjóð. Það er eins gott að við sýnum ekki leiki með þeim félögum oft í viku.

Ef þú ynnir ekki í sjónvarpi, hvað værirðu þú að gera? Þá væri ég líklega búinn að skrifa BA-ritgerðina mína í íslensku og bókmenntum sem ég ætlaði að skrifa fyrir löngu. Hún dettur kannski inn einhvern tímann. Á nokkuð langri ævi er margt sem mig hefur langað til að gera og flest af því tengist ekki sjónvarpi.

Hvaða íþróttamann úr mannkynssögunni myndirðu helst vilja fá í viðtal og hvers vegna? Helst myndi ég vilja ræða við frjálsíþróttamanninn Jesse Owens og ræða við hann um Ólympíuleikana frægu í Berlín árið 1936. Ég yrði moldríkur ef ég næði viðtali við hann en hann lést fyrir rúmum þremur áratugum. Síðan hefði ég ekkert á móti kvöldstund með knattspyrnugöðsögninni George heitnum Best.

Hvað er besta íslenska lag sem hefur verið samið? KR-lagið hans Bubba Morthens er og verður í úrvalsdeildinni næstu áratugin. Það er alveg sama hve oft maður heyrir lagið, maður kemst alltaf í sérstakan gír.

Hvaða öðrum sjónvarpsþætti á Stöð 2 værir þú til í að stýra? Matreiðsluþættinum Lífið er ljúft en alltof margar hitaæiningar.

Hvað má aldrei gera rétt fyrir útsendingu? Það má aldrei gleyma sér!



MYND HELGARINNAR

TED
Kl. 22.10 Laugardag

Gamanmynd frá 2012 með Mark Wahlberg í aðalhlutverki. John Bennett óskaði sér í æsku að bangsinn hans lifnaði við. Ótrúlegt en satt þá rættist óskinn.



AMERICAN REUNION
Kl. 22.25 Föstudag

American Pie-myndirnar slógu eftirminnilega í gegn á sínum tíma og nú er komið að geggjaðri framhaldsmynd þar sem Jim, Michelle, Stifler og allir hinir snúa aftur í tilefni árlegra endurfunda útskriftarnemenda skólans.



10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ TOPPMYNDIR
Kl. 22.00 alla daga

Miðvikudagur

Harry Brown


Michael Cane er sérsveitarmaður á leið á eftirlaun. En hann á einu verki eftir ólokið, að hefna besta vinar síns.



Fimmtudagur

Wanderlust

Paul Rudd og Jennifer Aniston í stórskemmtilegri gamanmynd um hjón sem neyðast til að hefja nýtt líf á nýjum slóðum.



Föstudagur

Rock of the Ages

Byggð á samnefndum söngleik og gerist árið 1987 í hringiðu vinsælustu tónlistar þessa tíma-bils.



Þriðjudagur


The Lincoln Lawyer

Hörkuspennandi mynd með Matthew McConaughey í hlutverki slóttugs lögfræðings.

Laugardagur

Safe House


Denzel Washington og Ryan Reynolds í hörkuspennandi mynd um ungan leyniþjónustumann sem fær það verkefni að gæta alræmds fanga.



Sunnudagur

Water For Elephants

Hugljúf mynd með Robert Pattinson, Reese Witherspoon og Christoph Waltz í aðalhlutverkum.



Mánudagur

La Delicatessen

Rómantísk gamanmynd um unga ekkju sem heldur að hún muni aldrei finna ástina aftur.



NÝJAR HÁSKERPURÁSIR væntanlegar á Fjölvarpið

Viðskiptavinir Fjölvarpsins munu á næstunni verða varir við fjölgun rása og verða nýjar háskerpustöðvar þar á meðal.

Má helst nefna BBC HD, Fashion One HD, Luxe TV HD, History Channel HD, auk þess sem Norðurlandastöðvarnar DR, SVT & NRK munu bjóðast í háskerpu.

Útsendingar um háskerpu munu eingöngu nást um svokallaða IPTV-myndlykla Símans og Vodafone en vegna þess hversu mikillar bandbreiddar háskerpuútsendingar krefjast verða þær því miður

ekki aðgengilegar á Digital Ísland-dreifikerfinu. Viðskiptavininum er bent á að snúa sér til verslana Vodafone og Símans sé áhugi fyrir væntanlegum háskerpuútsendingum og tryggja sér IPTV-háskerpu myndlykil. Stefnt er á að útsendingar í háskerpu hefjist í lok september næstkomandi.

Háskerpa, eða HD, býður upp á mun betri myndgæði en almennt gerist með hefðbundnar sjónvarpsútsendingar í dag og eru sífellt fleiri sjónvarpsstöðvar að uppfæra myndgæði sín í háskerpu, enda upplifunin allt önnur.

VILD
er snilld

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á www.stod2.is/vild

ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

Rio Pizzeria RIZZO

35% AFSLÁTTUR

35% afsláttur af matsæðli ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira.

Splass
Engin venjuleg bílaþvottastöð!

40% AFSLÁTTUR

40% afsláttur af bílaþvotti að utan alla daga.

FITON / SIA

EINLEIKIN GAMANSEMI Í HÖRPU

LADDI LENGIR LÍFIÐ

KVÖLDSTUND MEÐ LADDA Í EIGIN PERSÓNU



Sýningar
hefjast aftur
7. september!

★★★★★
„Laddi er engum líkur
...Hann er þjóðargæsemi.“
- Pressan.is
„Sprenglægileg sýning fyrir allan aldur!“
- Sirrý, Rás 2
„Á sviðinu birtist manni lítill drengur
með stórt hjarta.“
- Helgi Snær Sigurðarson, Morgunblaðið.
„Stórkostleg sýning!“
- Heimir Karlsson, Bylgjan



Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sená

SPORTÍS

LAGERHREINSUN!



30 - 70% AFSLÁTTUR!

VEGNA MIKILLA VINSÆLDA
FRAMLENGJUM VIÐ TIL 31.ÁGÚST!

FULLT AF NÝJUM VÖRUM!

Lokadagar

**SÍÐUSTU DAGAR
ÚTSÖLUNNAR!**

10% AUKA AFSLÁTTUR!



FLOTT MERKJAVARA Á GÓÐUM AFSLÆTTI!

ASICS SKÓR 25% - ASICS FATNAÐUR 30% - CASALL 10 - 30%



SEAFOLLY casall®



SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS